

$$HB2 = \sum_v K_v - \sum_{\zeta} K_{\zeta}$$

$K_v$  eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í byrjun reikningsársins eða tóku gildi á reikningsárinu reiknaðar fyrir lok reikningsársins samkvæmt tryggingargrunninum.

$K_{\zeta}$  eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í lok reikningsársins reiknaðar samkvæmt tryggingargrunninum.

HB3 = kostnaðarpáttur iðgjalda ársins - kostnaður ársins.

- b. Allar váttryggingar taka þátt í bónus samkvæmt þessum reglum nema ef um séreign er að ræða þá er henni haldið fjárhagslega aðskilinni.
- c. Bónus ársins vegna hvers sjóðfélaga er gefinn sem

$$B_j = \frac{B1}{\sum_i V_i} \cdot V_j + \frac{B2}{\sum_i [S_i - V_i]} \cdot [S_j - V_j] + \frac{B3}{\sum_i P_i} \cdot p_j$$

V er nettósjóður samkvæmt tryggingargrunninum í lok reikningsársins.

S er fjárhæð réttinda í lok reikningsársins.

p er ársiðgjald fyrir reikningsárið.

B1 er heildarbónus vegna ávöxtunar (að minnsta kosti 70% af HB1).

B2 er heildarbónus vegna áhættu (að minnsta kosti 70% af HB2).

B3 er heildarbónus vegna kostnaðar (að minnsta kosti 70% af HB3).

Summa af i er summa fyrir alla sjóðfélaga sem njóta tryggingaverndar.

- d. Heildarbónus B1 + B2 + B3 í hverjum tryggingaflokki má ekki vera minni en 0.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.*

F. h. r.  
**Áslaug Guðjónsdóttir.**

Margrét Gunnlaugsdóttir.

## SAMÞYKKT

**bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Eyrarbakkahepps,  
 Sandvíkurhepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhepps  
 um útivistartíma barna.**

1. gr.

Börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13-16 ára, skulu að sama skapi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna um tvær klukkustundir.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhepps hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 1998.*

**Páll Pétursson.**


*Þorgerður Benediksdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um byggðarmerki Reykjanesbæjar.

1. gr.

Byggðarmerki Reykjanesbæjar skal vera blár skjöldur (Pantone blue) með hvítum fugli. Blái liturinn er litur himins og hafs en fuglinn (súla) er tákn um lifandi samfélag. Súlan breiðir út vængina og hefur sig til flugs, en um leið eiga vængirnir að minna á hvítfyssandi öldur.



2. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar, bæjarstjóri, helstu embættismenn og stofnanir nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

3. gr.

Notkun á byggðarmerki Reykjanesbæjar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Reykjanesbæjar sbr. 5. gr. laga nr. 288/1998. Ekki er heimilt að breyta út af samþykktri gerð merkisins.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðprent og er hún heimil án leyfis.

5. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdættir af merkinu eins og á að nota það. Bæjarritari leiðbeinir um notkun merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. október 1998.*

**Páll Pétursson.**

*Sigríður Lilly Baldursdóttir.*